

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1081

Dagsetning: 16. september 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÖE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Sigurborg Jónsdóttir (SJ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað og ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Elfur Logadóttir, framkvæmdastjóri ERA, Ingunn Sigurgeirsdóttir, mannauðsráðgjafi og persónuverndarfulltrúi HH, og Lilja Björk Kristinsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu forstjóra, sátu fundinn undir lið 2.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Afgreiðslu fundargerðar framkvæmdastjórnar HH frá 9. september 2025 var frestað.

2. Persónuvernd

Elfur Logadóttir, framkvæmdastjóri ERA, Ingunn Sigurgeirsdóttir, mannauðsráðgjafi og persónuverndarfulltrúi HH, og Lilja Björk Kristinsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu forstjóra, komu á fundinn til að ræða um stöðu persónuverndarmála hjá HH. Áætlun um hvernig hægt er að fara yfir persónuverndarmál hjá stofnuninni í heild sinni á næstu 18 mánuðum var til umræðu. Þá var rætt um að ráða þurfi sérfræðing í persónuverndarmálum á skrifstofu HH. Ákveðið var að halda vinnu við stefnumótun í persónuverndarmálum HH áfram og hafa samráð við aðrar stofnanir.

3. Stafrænar lausnir

Fjallað var um erindi frá heilbrigðisráðuneytinu um stofnun einingar innan ráðuneytisins sem vinna á að stafrænum lausnum í heilbrigðismálum. Framkvæmdastjórn telur um mikið framfaraskref að ræða en að mikilvægt sé að skilgreina hvaða verkefni eigi að verða áfram hjá HH og hvaða verkefni eigi heima hjá nýrri einingu.

4. Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu

Áframhaldandi umræður frá síðustu fundum um starfsemi Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu og hvernig hún verður til framtíðar. Halda þarf samráði við hagaðila áfram um framtíð starfseminnar.

5. Reglugerð um greiðslupáttöku

Rætt var um hvaða breytingar væri gott að gera á gjaldskrá vegna heilbrigðisþjónustu. Senda þarf tillögur til heilbrigðisráðuneytisins í nóvember.

6. Heilsugæslustöðvar

Rætt var um stöðu heilsugæslustöðva HH í Breiðholti. Áfram verður unnið að því að auka samstarf stöðvanna en full samstaða um að halda rekstri beggja stöðva áfram. Einnig var rætt um stöðu minnstu heilsugæslustöðvanna hjá HH og möguleika þeirra til að stækka.

Aðgerðir og verkefni

- Halda þarf áfram að vinna að stefnumótun um persónuverndarmál hjá HH, sjá lið 2.
Ábyrgð: SDM
- Svara þarf erindi heilbrigðisráðuneytisins um nýja einingu innan ráðuneytisins, sjá lið 3.
Ábyrgð: SDM
- Vinna þarf áfram samráði um verkefni ÞÍH, sjá lið 4.
Ábyrgð: SDM
- Halda þarf utan um tillögur að breytingum á gjaldskrá, sjá lið 5.
Ábyrgð: RÓE

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:00.